

Viðbrögð vegna hegðunarvanda

Innan skólans

1 Óásættanleg hegðun nemanda
Nemandi fær tækifæri til að róa sig niður. Farið er yfir væntingar til nemanda og honum gefið tækifæri til að sýna viðeigandi hegðun. Umsjónarkennari látinn vita og atvikið skráð. Umsjónarkennari hefur samband við foreldra.

2 Nemandi á erfitt með að róa sig niður á staðnum
Nemandi fær tækifæri til að róa sig niður í Friðgarði (hvíldarherbergi). Starfsmaður lætur stjórnendur vita og fær aðstoð ef þarf. Stjórnandi/starfsmaður Friðgarðs ræðir við nemanda um bættu hegðun. Farið er yfir væntingar til nemanda. Foreldrar eru látnir vita og atvikið skráð.

3 Nemandi sýnir endurtekið óæskilega hegðun
Lausnateymi fundar um málið. Foreldrar eru boðaðir á fund. Farið er í lausnarleit með foreldrum. Gerð er aðgerðaráætlun með tímasettum markmiðum.

Ef hegðun er verulega ofsafengin og aðrir nemendur eða nemandinn sjálfur er í hættu þá eru foreldrar strax kallaðir til og hugsanlega er farið fram á aðstoð lögreglu.

Aðrir fagaðilar

4 Hegðun nemanda fer ekki til betri vegar
Málið er lagt fyrir nemendaverndarráð. Hugsanleg aðkoma kennsluráðgjafa, skólasálfræðings, hegðunarráðgjafa og/eða hjúkrunarfræðings. Aðgerðaráætlun endurskoðuð.

5 Viðvarandi óásættanleg hegðun
*Máli vísað í úrræði utan skólans
Barnavernd*

Utan skólans

Ýmis úrræði sem foreldrar geta leitað til:
*Uppeldisleg ráðgjöf Fjölskylduráðgjöf
Sálfræðiviðtöl Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Barna- og unglingageðdeild*